

- 196 1. a. arsen, blý, zink, antimón, kadmíum, kopar eða amýlnítrít,
12. okt. b. koffeín, er nemi meira en 250 mg í 1000 cm³.

3. gr.

Aftan við 12. tölulið 8. gr. bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

13. Gosdrykkir, sem í er koffeín, enda séu þeir ekki auðkenndir með orðunum:
Inniheldur koffeín mg í flöskunni.

4. gr.

Reglugerðarbreyting þessi gengur í gildi 1. desember 1943.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 12. október 1943.

Björn Þórðarson.

Gústav A. Jónasson.

197

12. okt.

AUGLÝSING

um bann við veiði göngusilungs við Fnjóskárósa.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, er öll veiði göngusilungs bönnuð í sjó, fyrir strandlengjunni út frá Fnjóskárósi, frá Sæbóli að Kljáströnd að báð-um jörðum meðtöldum.

Bann þetta gengur í gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vígfús Einarsson.

198

25. okt.

REGLUGERÐ

um skoðunargjald bifreiða og prófgjald bifreiðarstjóra.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 40 króna árlegt gjald til lögreglustjóra, þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skrásett. Gjald þetta greiðist í sama gjalddaga og miðast við sama gjaldár sem bifreiðaskatturinn.

Hafi bifreið eða bifhjól aðeins verið skrásett hluta úr gjaldárinu, þá skal gjaldið þeim mun lægra, að það verði 10 kr. fyrir hvern ársfjórðung eða hluta úr ársfjórðungi.

2. gr.

Fyrir próf bifreiðarstjóra greiði umsækjandi kr. 40.00.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.